

gjafir til Stefáns Benkovic Mikaelssonar og Skógræktarinnar á Hallormsstað, skulu halda gildi sínu.

Málskostnaður á að falla niður í skiptaréttarmáli þessu.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Erfðaskrá Önnu S. Aradóttur, gerð 5. mars 1976, verður ekki lögð til grundvallar við skipti á búi þessu að öðru leyti en því, að greiða skal Stefáni Benkovic Mikaelssyni kr. 1.000.000 og Skógrækt ríkisins á Hallormsstað kr. 2.000.000.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1983.
Nr. 11/1981. **Fiskmiðlun Suðurnesja h/f**

(Gardar Gardarsson hdl.)
gegn

Ólafi Gíslasyni
(Jón Finnsson hrl.).

Skipstjórnarmenn. Uppsögn. Sjóveðréttur. Fyrning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1981. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefnda gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda reikningslega, og vaxtakröfu er ekki andmælt.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, var stefnda sagt upp skiprúmi 19. febrúar 1979. Hann hóf lögsóknina með stefnu, birtri 12.

febrúar 1980. Það mál var hafið í þinghaldi 5. mars s. á., en um leið var þingfest mál það, sem hér er til úrlausnar. Þrátt fyrir þessa breytingu á málatilbúnaði er fullnægt skilyrðum upphafsákvæðis 232. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 6. tl. 1. mgr. sömu greinar, um lög-sókn innan fyrningarfrests.

Með vísan til þessa og forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði stefnda, Ólafi Gíslasyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara og
Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.**

Í hinum áfrýjaða dómi er lýst atburðinum 30. janúar 1979, sem var tilefni uppsagnar stefnda úr starfi. Stefnda var rétt að varna Brandi Skaftasyni inngöngu á stjórnvall skipsins, en ekki er leitt í ljós, að framkoma Brands hafi verið svo ögrandi, að stefndi hafi mátt ætla, að árás væri yfirvofandi, en bátsmaður og 1. stýrimaður skipsins voru einnig á stjórnvall, er þetta gerðist. Samkvæmt því verður að telja, að stefndi hafi orðið offari, er hann sló Brand og fylgdi þeirri atlögu eftir, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi.

Við teljum, að með þessu hafi brostið svo verulegar forsendur fyrir áframhaldandi starfi stefnda sem skipstjóra eða 1. stýrimanns hjá áfrýjanda, að heimilt hafi verið að vísa honum án fyrirvara úr starfi.

Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna beri áfrýjanda af kröfum stefnda, en málskostnaður ætti að falla niður.

Dómsorð okkar er því svohljóðandi:

Áfrýjandi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Gíslasonar. Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 22. desember 1980.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 3. mars 1980. Munnlegur málflutningur fór fram þann 11. þ. m., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi málsins er Ólafur Gíslason stýrimaður, Smárahvammi 1, Hafnarfirði (áður Kelduhvammi 23, Hafnarfirði).

Stefndi er Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 4.869.642 auk 19% ársvaxta frá 19. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvaxta frá þ. d. til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins. Þá er krafist sjóveðréttar í b/v Framtíðinni, KE 4, til tryggingar greiðslu tildæmdra krafna í málinu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk þess sem krafa er gerð um málskostnað skv. taxta LMFÍ úr hendi stefnanda.

2.0.

2.1. Stefnandi starfaði sem yfirmaður á b/v Framtíðinni, KE 4, sem er eign stefnda. Þann 25. janúar 1979 fór stefndi með skipinu sem skipstjóri í veiðiferð, og stóð sú veiðiferð til 5. febrúar. Í umræddri veiðiferð bar það til tíðinda, að Brandur Skaftason háseti klemmdist á fingri við störf sín á þilfari. Krafði Brandur Skaftason yfirmenn skipsins um verkjalyf, en var honum neitað um það. Brandur Skaftason mun hafa nýtt sterkra lyfja um borð í skipinu, og var það almennt á vitorði skipverja. Vegna þessarar neitunar kom til orðasennu milli stefnanda og Brands Skaftasonar, sem leiddi til þess, að stefnandi fór upp í brú og fyrirskipaði, að trollið skyldi hið inn og haldið með Brand til hafnar. Stuttu síðar kom Brandur Skaftason upp í brú, þar sem enn sló í brýnu milli stefnanda og hans, sem lyktaði með því, að stefnandi sló ítrekað Brand Skaftason, þannig að hann hlaut talsverða áverka. Var hann síðan fluttur til Grindavíkur, þar sem lögreglan tók við honum, en því næst haldið á ný til veiða. Í næstu veiðiferð skipsins, sem hófst þann 6. febrúar og stóð til 18. s. m., var stefnandi í frii, eins og ráð hafði verið fyrir gert. Stefnandi átti að halda út með skipinu sem stýrimaður þann 18. febrúar 1979. Hinn 19. febrúar s. á. vísaði stefndi stefnanda úr skiprúmi með bréfi, sem hljóðaði svo:

„Keflavík, 19. febrúar 1979.

Ólafur G. Gíslason, stýrimaður,
Hafnarfirði.

Skipráðstefna var haldin um borð í b/v Framtíðinni, KE 4, við komu skipsins í Njarðvíkurhöfn 18. 2. 1979. Á ráðstefnu þessari voru mættir allir skipverjar að skipstjóra undanskildum, og skv. ósk skipverja mættu útgerðarmenn skipsins. Þar kom fram, að allir skipverjar að undanskildum 2. stýrimanni neituðu að fara út með skipinu með yður sem stýrimanni eða skipstjóra vegna þeirra atburða, sem yður er vel kunnugt um, að átt höfðu sér stað um borð í skipinu, og hér skulu ekki raktir nánar.

Með tilvísun til 33. gr. sjómannalaganna og vegna þess, er að framan greinir, höfum vér neyðst til að vísa yður úr skiprúmi, sem hér staðfestið skriflega.

Virðingarfyllst,
f.h. Fiskmiðlunar Suðurnesja h.f.
Reynir Ólafsson“

Um þetta atvik er bókað í skipsdagbók skipsins, en ljósrit hennar hefur verið lagt fram í málinu.

„Að beiðni útgerðarmanns hef ég bókað eftirfarandi. Þegar við komum í land, hafði skipshöfnin samband við eigendur skipsins og óskuðu eftir að fá að losna úr skiprúmi, ef Ólafur G. Gíslason kæmi aftur um borð. Höfðu þá þegar nokkrir skipverjar sagt upp störfum af framangreindum afleiðingum (sic). Örsök þessarar miklu óánægju er margvísleg, og verður því ekki gert nánari skil hér. Tekið skal fram, að skipið hefði ekki komist á sjó þann 19. 2. af framangreindum ástæðum.“

Undir bókuninni er nafnritun Sigurðar Friðrikssonar. Í beinu framhaldi er síðan skráð: „Hér rita nöfn sín þeir, er viðstaddir voru, er haft var samband við útgerðina.“ Þar undir eru rituð nöfnin Guðm. Meyvantsson, Kristján Þór Jakobsson, Björn Björnsson, Hallgrímur Pétursson, Guðjón Egilsson, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Bjarni Þórðarson, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurbjörn Ólafsson, Pálmi Egilsson og Friðþjófur Strandberg.

Sjópróf voru haldin vegna atviksins, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í máli þessu.

Stefnandi, Ólafur Gíslason, hefur við sjópróf og hér fyrir réttinum skýrt svo frá, að hann hafi verið afleysingaskipstjóri í veiðiferð b/v Framtíðarinnar, KE 4, sem hófst 25. janúar 1979 og lauk þann 5. febrúar. Þriðjudaginn 30. janúar hafi hann verið vakinn af Brandi Skaftasyni háseta, er hafði meiðst á fingri og óskaði meðferðar. Við athugun hafi honum virst meiðslin

smávægileg, en hins vegar hafi áfengislykt lagt frá vitum Brands og augu hans einkennileg eins og eftir eiturlyfjaneyslu. Stefnandi bað Brand að láta 1. stýrimann, sem var á vakt, annast um meiðslin. Til einhverra orðaskipta kom, en Brandur fór við svo búíð. Stuttu síðar kom 1. stýrimaður til stefnanda og kvað Brand hafa í hótunum við sig, ef hann fengi ekki deyfilyf vegna meiðslanna. Stefnandi veitti Brandi að eigin mati viðeigandi meðferð, en um hádegisbil sama dag ákvað stefnandi að fara inn í klefa til Brands og taka af honum vín og lyf, ef einhver væru þar að finna. Stefnandi fann þrjár lyfjategundir hjá Brandi og tjáði honum, að hann tæki þau í sína vörslu og yrði honum skammtað daglega í samræmi við áletranir á glösum. Brást Brandur illa við, og kvaðst stefnandi hafa hætt við að taka lyfin, þar sem hann hafi óttast handalögmál, en ákveðið þess í stað að fara með Brand til lands. Fór stefnandi upp í brú, en Brandur kom þá æðandi á eftir honum og réðst að honum með krepptum hnefa. Kvaðst stefnandi hafa séð, að ef hann brygðist ekki skjótt við, mundi hann sjálfur liggja í valnum, enda Brandur rammur að afli. Hann hafi því slegið Brand nokkur högg. Brandur hfi hrakist niður stigann, sem liggur úr brúnni, og limpast vankaður niður í ganginn.

Stefnandi kvaðst hafa starfað hjá stefnda í u. þ. b. eitt ár fyrir umdeilt atvik, ýmist sem stýrimaður, afleysingaskipstjóri eða bátsmaður. Hann sagði, að framkvæmdastjóri stefnda hefði tjáð honum, að þar sem hluti skipshafnarinnar neitaði að fara með honum á skipið, væri honum sagt upp skiprúmi. Hann kvaðst hafa átt að fara sem stýrimaður í þennan túr. Stefnandi vísaði á bug þeirri gagnrýni, er fram kom á hann í framburðum skipverja við sjópróf. Stefnandi kvaðst aldrei hafa fengið ámæli, hvorki frá skipstjóra skipsins né útgerðinni, vegna starfa síns á skipinu. Hann sagði, að fyrir áramótin 1979 hefði hann verið búinn að segja upp starfi sínu. Hafi uppsögnin verið munnleg og henni komið á framfæri við Sigurð Kristinsson skipstjóra og Reyni Ólafsson framkvæmdastjóra. Mánuði fyrir þetta atvik hafi hann samþykkt að draga uppsögn sína til baka að beiðni Sigurðar Kristinssonar og Reynir Ólafsson samþykkt þá afturköllun.

Reynir Ólafsson, framkvæmdastjóri stefnda, kom fyrir dóminn. Hann sagði, að þann 18. febrúar hafi hann og annar framkvæmdastjóri stefnda verið boðaðir um borð í b/v Framtíðina við komu skipsins til hafnar. Þar hafi komið fram á fundi með undirmönnum skipsins, að þeir neituðu að fara aftur út með skipinu daginn eftir með stefnanda sem yfirmanni. Sem ástæðu gáfu þeir erfiðleika, er þeir ættu í í samskiptum við stefnanda. Hann kvað stefnanda hafa hafið störf hjá stefnda í aprílmánuði 1978 sem háseta og netamañn á b/v Framtíðinni. Í júnímánuði það sama ár var hann ráðinn stýrimaður og fór þá jafnframt að leysa af sem skipstjóri. Hann sagði, að skipshöfn b/v Framtíðarinnar hafi kvartað undan harðfylgi stefn-

anda og einn skipverja hafi sagt upp skiprúmi vegna þessa. Hann kvað samskipti sín og stefnanda hafa gengið vandræðalaust, þótt stefnandi hafi verið nokkuð ákveðinn í, að hlutirnir yrðu eins og hann vildi. Hann kvað stefnanda ekki hafa vanefnt ráðningarsamning sinn gagnvart útgerðinni sem skipstjóra. Hann kvaðst ekki að svo stöddu vefengja kaupútreikninga á dskj. nr. 3. Hins vegar benti hann á, að ekki hafi verið fastmótaðar reglur, hvernig yfirmenn tækju frí, og því óvíst, hvort stefndi hefði haft þessar tekjur, ef hann hefði verið áfram á skipinu þetta tímabil. Hann kvað skipstjóra b/v Framtíðarinnar ekki hafa kvartað yfir störfum stefnanda sem stýrimanns. Hins vegar hafi örðugleikar stefnanda í samskiptum við undirmenn komið til umræðu og hafi hann beðið skipstjórnann að fara þess á leit við stefnanda, að hann kæmi betur fram gagnvart öðrum skipverjum. Mætti (sic) sagði, að ekki hafi verið annars kostur en að vísa stefnanda úr skiprúmi, ef halda hefði átt skipinu til veiða, þar sem auðveldara hafi verið að fá einn stýrimann fyrirvaralítið en 11 aðra áhafnarmeðlimi, þ. e. vélstjóra og háseta.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf Hallgríms Péturssonar, dskj. nr. 22, þess efnis, að hann hafi ekki óskað eftir því að losna úr skiprúmi á b/v Framtíðinni, KE 4, enda þótt Ólafur G. Gíslason kæmi aftur um borð. Hann kvaðst heldur ekki hafa verið viðstaddur og honum ekki kunnugt um, að skipshöfnin hafi haft samband við eigendur skipsins varðandi stefnanda hinn 18. febrúar 1979. Stefndi hafi staðið sig fullkomlega í starfi gagnvart sér og öðrum úr áhöfn á b/v Framtíðinni og á engan hátt brotið gegn samningum, en hins vegar ætlast til mikillar samviskusemi af mönnum sínum og ekki öllum áhafnarmeðlimum líkað það. Þá kvaðst hann varðandi undirskrift í dagbók Framtíðarinnar vilja segja, að hann hafi verið litilsáttar undir áhrifum áfengis og ekki lesið bókunina nægilega vel.

Hallgrímur Pétursson kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvaðst hafa verið skipverji á b/v Framtíðinni í tæp fimm ár. Hann hafi hins vegar verið í frii umrædda veiðiferð, er stefnandi fór með skipið sem skipstjóri. Hann sagði, að áður en hann fór í frí, hafi hann að beiðni Brands Skaftasonar farið með honum upp í brú til skipstjórnans, Sigurðar Kristinssonar, og komið á framfæri umkvörtun fyrir hönd skipverja skipsins þess efnis, að stefnandi ylli spennu og streitu með því að halda sig stíft við túlkun á vinnuskyldu í samningum og að hann gerði miklar kröfur til mannskapsins. Aðspurður sagði vitnið, að stefnandi hafi ekki brotið samninga í þessu tilviki. Undir vitnið voru borin ummæli Sigurðar Friðrikssonar og Pálma Vilhjálmssonar varðandi það, að stefnandi hafi lagt hendur á menn og ráðist að þeim með skömmum. Sagði vitnið þessi ummæli ýkt. Hafi hann einu sinni orðið var við, að stefnandi hristi til skipverja, og hefði það ekki verið að ástæðulausu. Hann kvað stjórnunarmáta stefnanda ekki hafa verið ólíkan því, er

hann hefði áður kynnst á togurum. Hins vegar hafi stefnandi beitt harðar stjórnun en áður tíðkaðist á b/v Framtíðinni.

Pálmi Vilhjálmsson bátsmaður sagði í framburði sínum við sjópróf, að hann hafi verið staddur í brúnni ásamt Sigurði Friðrikssyni, 1. stýrimanni, er stefnandi hafi komið upp og sagt, að ekki þýddi annað en að fara með Brand Skaftason í land. Rétt á eftir hafi Brandur komið upp í stigann, en stefnandi varnað honum inngöngu í brúna. Stefnandi hafi fyrirskipað Sigurði Friðrikssyni að hífa trollið og sagt Brandi eftir nokkurt þjark að koma sér niður, áður en hann missti hnefann í andlitið á honum. Hafi þeir steytt hnefa hvor að öðrum, en skyndilega hafi stefnandi slegið Brand og fylgt honum eftir niður stigann. Hafi hann ekki orðið vitni að því, er síðan gerðist, en Brandur hafi hljóðað mikið, eins og verið væri að misþyrma honum. Hann sagði, að Brandur hafi verið undir áhrifum lyfja í túrnum eins og allajafna. Hann gagnrýndi harðlega stefnanda sem yfirmann og kvað framkomu hans gagnvart mannskapnum nánast hafa verið óþolandi. Hafi stefnandi tíðkað að ráðast að mönnum með skömmum og svívörðingum, þrifið í þá og hrist þá til. Auk þess hafi hann verið afskiptasamur út af starfa manna, vantreyst þeim og kúgað.

Lagt var fram í málinu bréf Pálma Vilhjálmssonar, dskj. nr. 21. Þar segir um fund skipshafnar með útgerðarmönnum skipsins þann 18. febrúar: „Ýmsir létu í ljós óánægju sína með ástand um borð í skipinu og töldu, að Ólafur G. Gíslason beitti of hörðum aga sem yfirmaður. Við vildum, að hann fengi áminningu eða yrði víkið úr starfi, ef áminning nægði ekki. Ég sagði ekki upp skiprúmi af þessum sökum, og mér er ekki kunnugt um uppsagnir af þessum ástæðum. Ég vil taka fram, að undirskriftir skipshafnarinnar um, að þeir hafi verið viðstaddir, er haft var samband við útgerðina, eru fengnar eftir að skipið lagði úr höfn þann 19. 2. 1979. Ég tel, að fleiri hafi þar skrifað undir en þeir, sem viðstaddir voru á fundinum.“ Pálmi Vilhjálmsson staðfesti efni bréfs þessa hér fyrir dómi. Hann kvaðst engu vilja breyta eða bæta við framangreindan framburð sinn í sjóprófi. Hann skýrði svo frá, að ástandið um borð í b/v Framtíðinni hefði verið viðunandi, þar til Brandur Skaftason kom um borð, en þá hefði það versnað til muna og orðið mjög slæmt í lokin.

Sigurður Friðriksson stýrimaður sagði fyrir rétti í sjóprófi þann 2. mars 1979, að Brandur Skaftason hefði verið meira og minna undir áhrifum eiturlyfja um borð í b/v Framtíðinni, frá því hann byrjaði þar á síðastliðnu hausti, og hafi hann ekki farið leynt með það. Í umræddum túr hafi hann verið óvenju ruglaður. Hann sagði varðandi atvikið í brúnni þann 30. janúar, að stefnandi hafi komið hlaupandi og sagt sér að hífa, þar sem Brandur væri orðinn alveg óður. Rétt á eftir hafi Brandur komið hlaupandi upp í brúna og greinilega verið mikið niðri fyrir. Hann kvaðst ekki geta gert

sér grein fyrir því, hvort Brandur hafi ætlað að ráðast á stefnanda, en Brandur sé þannig persóna, að rétt sé að vera á undan, eins og stefnandi hafi gert. Hafi stefnandi slegið Brand, þannig að hann féll niður í ganginn, þar sem stefnandi hafi haldið áfram að berja hann og misþyrma eftir hljóðunum að dæma. Hann kvað stefnanda hafa verið erfiðan í umgengni við undirmenn og nánast 25—30 árum á eftir tímanum í því efni. Hafi það verið algengt, að stefnandi hafi þrifið í undirmenn sína, m. a. vitnið sjálft, og hrist þá til. Hins vegar hafi hann jafnan gætt þess að ganga ekki svo langt, að sæi á mönnum.

Pálmi Egilsson, 2. vélstjóri, hafði svipaða sögu að segja um framkomu stefnanda í sama sjóprófi. Hann kvaðst hafa heyrt vein, er hann var staddur í borðsal, og hraðað sér fram. Fyrir neðan stigann, sem liggur upp í brúna, hafi Brandur legið og stefnandi staðið yfir honum. Hafi stefnandi snúið upp á handlegg Brands og slegið hann allmikið högg í andlitið. Stefnandi hafi síðan sagt: „Þetta skaltu ekki reyna aftur.“

Brandur Skaftason háseti kvaðst í skýrslu sinni í sjóprófi 14. mars 1979 hafa meidd á hægri þumalfingri við vinnu sína. Hafi sér verið boðnar magnyltöflur við verkjunum, er hann bað um deyfilyf. Hann kvað stefnanda hafa búið ágætlega um fingurinn, en neitað honum um deyfilyf. Hafi komið til orðasennu út af þessu í klefa sínum. Litlu síðar hafi hann komið upp í brú, eða réttara sagt upp í stigann. Hafi hann haldið áfram að biðja um verkjalyf, en ekki haft í frammi hótanir eða ógnanir. Allt í einu hafi stefnandi slegið hann og haldið því áfram hvað eftir annað, jafnvel eftir að hann var fallinn niður í ganginn fyrir neðan stigann. Brandur sagði, að hann hafi haft með sér taugalyf um borð, sem hann hafi tekið inn reglulega og samkvæmt læknisráði. Fyrir greint atvik hafi hann verið búinn að taka inn sex 5 mgr. valiumtöflur, en hann hafi ekki jafnframt neytt áfengis. Þó hafi hann verið undir áhrifum áfengis við upphaf veiðiferðarinnar, en öll áfengisáhrif hafi verið horfin fyrir löngu, enda hafi hann í mesta lagi haft með sér eina léttvinsflösku.

Samkvæmt vottorði Arnþjórnar Ólafssonar lækni, sem skoðaði Brand við komu hans til Grindavíkur kl. 1840 þann 30. janúar 1979, hafði hann smáskurð neðan vinstra auga og mar og bólgur neðan við bæði augu. Í vottorðinu segir: „Maðurinn er sagður hafa tekið taugalyf og drukkið með því, og var framkoma hans þann veg, að allt benti til þess, að svo hefði verið.“ Við skoðun á slysadeild Borgarspítalans kom í ljós við röntgenmyndatöku, að brotasprunga var í gegnum endilanga fremri kjúku á þumalfingri. Brotið þarfnaðist ekki sérstakrar meðferðar.

3.0.

3.1. Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að brottvikning hans úr

starfi án fyrirvara hafi verið ástæðulaus, og telur hann sig eiga rétt á bótum sem nemur þriggja mánaða uppsagnarfresti auk miskabóta vegna röskunar á stöðu og högum.

Stefnandi telur sig eiga samningsbundinn rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti skv. kjarasamningum Farmanna og fiskimannasambands Íslands við Landssamband útvegsmanna og skv. 13. gr. sjómannalaga. Kröfur sínar sundurliðar hann þannig:

Hluttur af aflaverðmæti frá 19. febrúar 1979 til 19. maí s. á.	Kr. 3.546.682
Fastakaup fyrir sama tímabil	— 25.405
Orlofsfé, 8.33%	— 297.555
Miskabætur	— 1.000.000
Samtals	Kr. 4.869.642

Stefnandi telur, að stefndi hafi kallað hluta af skipshöfninni á sinn fund og fyrirskipað 1. stýrimanni að færa í dagbók, að skipshöfnin hefði hótad uppsögn, ef stefnandi kæmi aftur um borð. Hafi það verið liður í að fá átyllu til að reka stefnanda úr starfi. Engin tilraun hafi verið gerð til að kynna sér málavexti frá hendi stefnanda. Við munnlegan málflutning upplýsti lögmaður stefnanda, að mál milli sömu aðilja vegna þessa atviks hafi verið höfðað með stefnu, birtri 16. febrúar 1980 (sic), en það mál verið hafið vegna breytingar á kröfugerð. Taldi hann sjóveðréttarkröfuna ekki fyrnda vegna þessarar fyrri málshöfðunar.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnandi hafi brotið stórlega af sér í starfi sem skipstjóri b/v Framíðarinnar með árásinni á Brand Skaftason. Vegna þessa atburðar og annarra árekstra stefnanda við skipshöfnina hafi stefnanda verið vísað úr skiprúmi. Heimilt hafi verið að segja honum upp starfi án uppsagnarfrests skv. 33. gr., 3. tl., sjómannalaga nr. 67/1963. Samkvæmt sömu grein eigi stefnandi ekki rétt til launa lengur en til 5. febrúar 1979, er hann var afskráður. Árásin á Brand Skaftason hafi verið algerlega óþörf og óréttlætanleg. Hafi stefnandi átt að beita agavaldi sínu sem skipstjóri og láta setja Brand Skaftason í gæslu, uns komið var til hafnar, ef hætta hafi stafað af honum. Þá er mótmælt þeirri staðhæfingu stefnanda, að hætta hafi stafað af Brandi vegna lyfjanotkunar hans, en skv. skýrslu skipverja hafi Brandur ekki verið meira undir áhrifum lyfja í þessari veiðiferð en venjulega þá þrjá mánuði, er hann hafi gegnt hásetastarfi á b/v Framtíðinni.

Þá er miskabótakröfu stefnanda mótmælt sérstaklega sem örökstuddri og án lagastoðar.

Þá telur stefndi, að skv. 6. tl. 1. mgr. 232. gr. laga nr. 66/1963 sé sjóveð-

réttur fyrir meintum kröfum stefnanda í þessu máli fyrndur, þar sem hann hafi verið afskráður af b/v Framtíðinni þann 5. febrúar 1979. Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnda, að mál varðandi sama ágreiningsefni milli aðilja, sem hafið var þann 5. mars sl., hafi rofið fyrningu sjöveðréttarkröfu stefnanda.

4.0.

4.1. Fyrir liggur í málinu, að uppsögn stefnanda úr skiprúmi var án uppsagnarfrests og launa. Þá er það ágreiningslaust, að uppsagnarfrestur stefnanda sem skipstjóra eða stýrimanns sé 3 mánuðir samkvæmt 2. mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 63/1967. Það er hins vegar viðurkennd regla í vinnurétti með stoð í sjómannalögum, að skipverji geti fyrirgert rétti sínum til uppsagnarfrests eða launa á uppsagnartíma, og byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að svo hafi stefnandi gert. Hefur stefndi lagt áherslu á það atvik, er stefnandi sló Brand Skaftason háseta um borð í b/v Framtíðinni, KE 4, en stefnandi gegndi þá stöðu skipstjóra á skipinu. Dómurinn telur, að í því sambandi komi 5. gr. sjómannalaga til álita, og þá einkum hvort stefnandi hafi vegna „stórkostlegra yfirsjóna“ glatað rétti til uppsagnarfrests. Þykir rétt að draga fram nokkur atriði, er að mati dómsins þykja mikilvæg í því sambandi. Brandur Skaftason var undir áhrifum taugalyfja samkvæmt eigin framburði og annarra og framkoma hans annarleg. Eftir meiðsli hans á fingri veitti stefnandi honum aðhlynningu, en neitaði honum um sterk deyfilyf. Er stefnandi lenti í deilum við Brand vegna þeirrar ákvörðunar, ákvað stefnandi að sigla með hann til lands, og hélt upp í brú til stjórnstarfa. Brandur Skaftason hélt á eftir stefnanda upp í brúna, en stefnandi varnaði honum inngögnu. Samkvæmt framburði vitnisins Sigurðar Friðrikssonar stýrimanns, sem í brúnni var, var Brandi mikið niðri fyrir. Stefnandi og Brandur steyttu hnefum hvor að öðrum. Stefnandi skipaði sannanlega Brandi að yfirgefa staðinn. Er því var ekki sinnt, sló stefnandi Brand, og limpaðist hann niður, en stefnandi fylgdi atlögunni eftir.

Dómurinn leggur áherslu á, að stefnandi var sem skipstjóri í stjórnklefa skipsins og hafði ekki aðeins rétt til, heldur bar skylda til að hindra, að Brandur Skaftason réðist þar inn og truflaði störf skipstjórnarmanna. Verður því að telja aðgerðir stefnanda í upphafi eðlilegar til að bægja hættunni frá. Hins vegar benda viss gögn til þess, að stefnandi hafi gerst offari við beitingu agavalds með því að fylgja atlögunni eftir. Þegar hins vegar er litið til framkomu Brands Skaftasonar í heild sinni og hliðsjón höfð af læknisvottorðum, þykir háttsemi stefnanda ekki hafa verið með þeim hætti, að hún heimilaði fyrirvaralausar uppsögn án undangenginnar áminningar.

Aðrar ávirkningar stefnanda um óviðurkvæmilega hegðun við almenna stjórnun eru ósannaðar með öllu, og verður eigi séð, að hann hafi í þeim

efnum á nokkurn hátt brotið í bága gegn hagsmunum stefnda eða vilja forsvarsmanna hans.

Kröfum stefnanda hefur reikningslega ekki verið mótmælt, enda í samræmi við dómvenju. Ber því að taka þær til greina að því undanskildu, að ekki standa lög til að dæma stefnanda miskabætur, og ber að sýkna stefnda af þeirri kröfu.

Vaxtakröfu hefur ekki verið mótmælt, og ber að taka hana til greina.

Stefnandi hóf lögsókn gegn stefnda með stefnu, birtri 12. febrúar sl., í sjó- og verslunardómsmálinu nr. 67/1980. Það mál var hafið í þinghaldi 5. mars sl., um leið og mál það, sem hér er lagður dómur á, var þingfest. Stefndi telur sjóveðréttarkröfu stefnanda fyrnda, þar sem í fyrsta lagi beri að miða fyrningardag við 5. febrúar 1979, er afskráning stefnanda var látin taka gildi, og í öðru lagi miðist upphafstími fyrningarfrests við stefnubirtingu á stefnda í þessu síðara máli, eða 3. mars sl.

Samkvæmt 232. gr., 1. mgr., sbr. 6. tl., fynnist sjóveðréttarkrafa sem þessi innan eins árs, frá því er krafan féll í gjalddaga, sé henni ekki fylgt eftir með lögsókn. Telja verður, að miða beri upphafstíma fyrningar við þann dag, er stefnanda var sagt upp skiprúmi, eða þann 19. febrúar 1979, þar sem stefnandi hóf lögsókn á stefnda með stefnu, birtri 12. febrúar 1980, verður eigi talið, að sjóveðréttarkrafa hans hafi fyrnst, þegar hann hóf mál-ið þann 5. mars sl., enda höfðaði hann að nýju mál þetta innan þess frests, er greinir í 11. gr. laga nr. 14/1905. Ber því samkv. 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 að viðurkenna sjóveðrétt í b/v Framtíðinni, KE 4, fyrir til-dæmdum kröfum stefnanda.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 600.000.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdóms-mönnunum Sigurði Halli Stefánssyni lögfræðingi og Ingólfi Falssyni skip-stjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskmiðlun Suðurnesja h/f, greiði stefnanda, Ólafi Gísla-syni, kr. 3.869.642 auk 19% ársvaxta frá 19. febrúar 1979 til 1. júní s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember s. á., en 31% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, 3. mars 1980, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda kr. 600.000 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Framtíðinni, KE 4, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá britingu hans að viðlagðri aðför að lögum.